

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Egilsstaðir, 2. júní 2017

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um landgræðslu - heildarendurskoðun á lögum um landgræðslu frá árinu 1965 (Stjórnarfrumvarp, Þingskjal 537 — 406. mál).

Fyrir hönd Skógræktarinnar þökkum við fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarp til nýrra landgræðslulaga. Núgildandi lög eru að stofni til frá árinu 1965 og eru þau í flestu tilliti barn síns tíma og flest í þeim löngu orðið úrelt. Af þeim sökum fögnum við því, hljóti frumvarpið sem nú er til umsagnar skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Ný lög yrðu til mikilla bóta fyrir alla hagaðila og má vænta þess að þau muni treysta mjög landgræðslustarfið í landinu á næstu árum.

Skógræktin gerir ekki aðrar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp en þau, að benda á 6. grein núgildandi laga (17/1965). Sú lagagrein staðist ágætlega tímans tönn en hefur engu að síður fallið brott við vinnslu þessara frumvarps. Þar stendur „Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. [Skógræktin] skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.“

Í ljósi góðrar og náinnar samvinnu Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins um verkefni á borð við uppgræðslu með birki á Þórsmerkursvæðinu, Hekluskóga, Þorláksskóga, Landgræðsluskóga og fleiri verkefni sem eru í undirbúningi, þætti okkur eðlilegt að í nýjum lögum komi fram svipuð - ef ekki skýrari lagaheimild fyrir því að Skógræktin og Landgræðslan hafi samvinnu um að klæða með skógi það örfoka land sem ekki er áformað að nýta til annars, svo sem til beitara.

Slíkt heimildarákvæði myndi ennfremur fela í sér stefnu löggjafans um nauðsyn þess að klæða mörg hinna víðáttumiklu, skóglausu umsjónarlanda Landgræðslunnar skógi í framtíðinni. Það nauðsyn á ekki síst við á eldvirka belt landsins þar sem öskufall getur í einu veffangi kaffært lágvaðinn gróður og eytt árangri áratuga vinnu við uppgræðslu með grasi eða öðrum lágvöxnum gróðri. Skógar þola töluvert öskufall, þeir koma í veg fyrir öskufok, þeir hlífa nærliggjandi svæðum við öskufoki og hefur því verið talið afar brýnt bæði af Skógræktinni og Landgræðslunni að nýta skógrækt til varanlegrar uppgræðslu lands. Skógar hafa og jákvæð áhrif á miðlun vatns, lífríki í ám og vötnum, bindingu kolefnis ofl.


Það er ekki síst með tilliti til aðgerða á sviði loftslagsmála (bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi) sem ætla mætti að slíkt lögbundið samstarf yrði farsælt. Slíkt hefði í för með

sér skjótari en jafnframt varanlegri árangur við bindingu kolefnis: með hefðbundnum aðferðum landgræðslu (grassáningu og áburðargjöf án trjágróðurs) næst skjótur en fremur skammvinnur árangur við að binda kolefni. En með skógrækt strax í kjölfar landgræðsluaðgerða myndi nást mun meiri og varanlegri uppsöfnun kolefnis – og um leið aðgerðir sem vel væru til þess fallnar að uppfylla skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu.

Í ljósi þess að fyrir hendi eru afgirt og beitarfriðuð lönd þar sem afar hagkvæmt væri fyrir ríkisvaldið að vinna samhliða að uppgræðslu og skógrækt, teljum við brýnt að halda þessu ákvæði inni.

Undirritaðir eru fúsir til að mæta á fund nefndarinnar og svara spurningum sé þess óskað.

F.h. Skógræktarinnar,



Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar

Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri
Hreinn Óskarsson, sviðstjóri samhæfingasviðs Skógræktarinnar